

## Tillaga til þingsályktunar

um gerð námsefnis um hlutskipti kvenna um víða veröld.

Flm.: Karl V. Matthíasson, Þórunn Sveinbjarnardóttir,  
Björgvin G. Sigurðsson, Guðmundur Árni Stefánsson,  
Ásta R. Jóhannesdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hlutast til um gerð fræðsluefnis fyrir grunnskólastig um misjafnt hlutskipti og kjör kvenna um víða veröld.

### Greinargerð.

Alþekkt er hér á landi hversu mikill munur hefur verið á réttindum kvenna og karla. Hægt er að nefna mörg hryggileg dæmi því til stuðnings. Viðhorf til kvenna hefur löngum verið í þá veru að konan eigi ekki að njóta sama réttar, sömu virðingar og sömu sæmdar og karlinn. Til dæmis sést þetta vel þegar við lítum í sögu kosningalöggjafar og menntamála. Núgildandi lög um jafnrétti kynjanna eru góðra gjalda verð en nauðsynlegt er að allir fái inngróna tilfinningu fyrir því að konunni ber sama staða og karlinum í samfélagi voru. Þá fyrst verður um raunverulegt jafnrétti og réttlæti á milli kynjanna að ræða.

Víða um veröldina er hlutur kvenna mjög bágborinn og í sumum löndum ríkir mikil kvennakúgun og konur ganga sums staðar kaupum og sölum og eru jafnvel þvingaðar í vændi á Vesturlöndum og víðar.

Sífelld er bent á slæma stöðu kvenna í mörgum þróunarríkjum og hversu illa er farið þar með konur. Nefna má mýmörg dæmi um umskurn kvenna og fleira. Frægt viðtal við sóm-ölsku fyrirsætuna Waris Dirie vakti margan af værum blundi og einnig skelfilegar fréttir um konur í Bangladess sem brenndar höfðu verið í andliti með sýru vegna þess að þær hrygg-brutu biðla sína.

Á undanförunum missirum hefur umræða aukist um nauðganir, vændi, klám og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum. Er það ekki síst vegna fjölgunar ákæra og brota í þessum efnum. Margir telja að tilkoma netsins og aukin og fjölbreyttari fjölmiðlun eigi nokkurn þátt í þessu, þ.e. að virðing fyrir lífi og líkama annarra hafi farið þverrandi og einnig að kærleiksástin njóti ekki sömu viðurkenningar samfélagsins og fyrr. Hægt er að nefna mörg dæmi um sora sem unglingar og jafnvel börn hafa verið vitni að á þessu sviði. Ljóst er að slíkt hefur slæm mótandi áhrif á þá sem á horfa og getur bjagað og afskræmt það sem fallet er og fagurt í augum Guðs og manna.

Við þessu ber að sporna af alefli. Það verður einungis gert með viðhorfsbreytingu og gæti gerð námsefnis um misjöfn kjör kvenna um víða veröld verið lóð á vogarskálarnar. Það ætti líka að vera vel til þess fallið að vekja börnin almennt til umhugsunar um það hversu skammt maðurinn er kominn á leið sinni í átt til réttlætis og einnig ætti slíkt efni að auka kærleika barna og unglunga í garð hvers annars og benda þeim á hversu hver einstaklingur er mikilvægur í því að skapa betri heim með kærleiksríkri framkomu.